

Verklýsing fyrir inndælingu og viðgerð í sprungur í steypu

Borað skal með reglulegu millibili holur fyrir ídælingarventla. Millibil á milli ventla skal að jafnaði vera hálf bordýptin sem er boruð í hverja sprungugerð fyrir sig. Algengast er að millibilið sé u.þ.b. 15 -20 cm á milli ventla. Almennt skal bora skáhallt í gegnum steypuskil þannig að borgatið gangi í gegnum skilin í u.þ.b. miðju þversniðinu. Dýpt og millibil á borholum skal vera í samræmi við dýpt sprungu og viðgerðaraðferð skv. fyrirmælum framleiðanda.

2) Hreinsa skal ryk og önnur óhreinindi úr borholunum með þrýstilofti fríu við olíu. Ef þurfa þykir skal bleyta ídælingarsvæðið í samræmi við ráðleggingar framleiðanda.

3) Festa skal ídælingarventlana og herða þá tryggilega í borholurnar þannig að ídælingaefnið gangi ekki upp með ventlinum sjálfum.

4) Ef ídælingarefnið gengur ekki alls staðar út úr skilunum á milli ventla skal verktakinn bora fyrir nýjum ventli á milli þeirra ventla sem fyrir eru og dæla að nýju. Þannig skal tryggja að þéttiefni sé samfelmt í sprungum og steypu skilunum. Við mælum t.d með Arcan Hydrobloc 620 einþátta flex foam efni.

5) Umframefni og ventla skal hreinsa burt eftir ídælingu með Arcan 520 hreinsiefni. Best er að fylla í borgöt með Cembond 863 epoxy múr. Hann er blandaður 1:1 A+B efni Einnig mælum við með að hreinsa sprungu eftir að efni hefur harðnað og fylla í með Cembond efninu eða Cemflex 964 teygjanlegum múr.

Innflutningsaðili : **Fagefni ehf Smiðjuvegi 5 s 4204010**
fagefni@fagefni.is

